

Bt. Regínu Ástvaldsdóttur

Efni : Afnot á íþróttahúsi við Vesturgötu

Badmintonfélag Akraness vill koma því á framfæri hversu miklu það myndi skila fyrir okkur sem félag að fimleikafélagið fengi betri aðstöðu til æfinga. Áhrifin sem vera fimleikafélagsins hefur á íþróttahúsið eru margþætt. Það sem snýr að okkur er tvíþætt, við fengjum meiri og betri tíma fyrir iðkendur okkar, sem vonandi gæti skilað inn fleiri iðkendum, einnig eru öll rými full í dag af fimleikadóti svo plássið myndi aukast í húsinu sem þýðir að við hefðum meiri möguleika til æfinga sem og möguleika á því að eiga betra dót. Með þessi atriði að leiðarljósi styður Badmintonfélag Akraness það heils hugar að fimleikafélag Akraness fái betri aðstöðu til æfinga og teljum við það í raun mjög mikilvægt til þess að halda uppi fjölbreyttum og góðum æfingum í íþróttahúsinu við Vesturgötu.

F.h Badmintonfélags Akraness
Birgitta Rán Ásgeirsdóttir
Formaður